

Nd.

343. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðið »steinolíu« fellur niður.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnahlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsníðnu efni í þær.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr staflíður, c:

Af steinolíu 15 auru af hverjum 50 kg.

Málsgreinin »Kolatoll« eru í gildi« fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. másl. næstsiðustu málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsníðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Eftir hina góðu fjárhagsútkomu síðastliðins árs hefir þjóðin gert sjer vonir um, að þetta þing sæi sjer fært að ljetta að einhverju leyti á skatta- eða tollabyrðinni, og það því fremur, sem þeir aukatollar, er lagðir voru á 1924, áttu aðeins að vera til bráðabirgða, til þess að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, er þá var komið í óvænt efni. Þessum tollum hefir nú þegar verið ljett af að nokkru með afnámi gengisviðauka á vörutollinum. Og þótt allar horfur sjeu á því, að fjárlögin fyrir 1927 verði ekki eins gætilega úr garði gerð og æskilegt væri, telur fjárhagsnefndin þó fært að fara nokkru lengra í afnámi tolla en þegar hefir verið gert. — Vitanlega er álitamál, hverjir tollar sjeu órjettlátastir og komi þyngst niður. En fjárhagsnefndin litur svo á, að nú sje þó einkum nauðsyn á því að ljetta að einhverju leyti byrðarnar á framleiðslunni, sem nú stendur sjerstaklega höllum fæti, sakir almennrar fjárkreppu, stórlega fallins verðlags afurðanna og örari gengishækkunar ísl. kr. en búist var við. Það verður líka að teljast sjerstaklega

ósanngjarnnt að leggja bæði hált aðflutningsgjald á allar nauðsynjavörur til framleiðslunnar og hátt útflutningsgjald á flest, sem framleitt er. Að öllu þessu athuguðu hefir fjárhagsnefndin orðið sammála um að flytja þetta frumvarp. Hefði hún þó helst viljað geta lagt til, að allir þessir tollar yrðu afnumdir með öllu, en til þess treystir hún sjer ekki að þessu sinni, ef nokkurn veginn örugt á að mega telja, að tekjur ársins 1927 hrökkvi fyrir útgjöldunum.

Ef frv. nær fram að ganga óbreytt, má gera ráð fyrir, eftir því sem næst verður komist, að þeir tollar, er hjer ræðir um, *lækki* um þær upphæðir, er nú skal greina:

Kolatollur	kr. 250000
Salttollur	— 45000
Steinoliutollur...	— 25000
Síldartunnutollur	— 96000
Kjöttunnutollur	— 10000
Tekjur af botnum og gjarðæfni.	— 4000
					Samtals	kr. 430000

Þessa lækkun telur fjárhagsnefndin ríkissjóði áhættulausa, ef sæmilegs hófs er gætt með útgjöldin.

Tveir nefndarmenn hafa fyrirvara um tunnutollinn og geyma sjer rjett til að taka afstöðu til þess, hversu mikið kolatollurinn verði lækkaður -- hvort-veggja með tilliti til þess útlits, sem er fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1927.

Auk þess hafa komið fram í nefndinni raddir um, að afnema beri og vörutoll á korni, en meiri hluti nefndarinnar sá sjer ekki fært að leggja það til að þessu sinni.